

97 an búnaðarskóla, en að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hafi aptur á móti hafnað
 4. sept. þessu tilboði, og að amtsráðið síðan, eptir að fulltrúar úr hinum fjórum sýslufjelögum, er orðin voru ásátt um, að vera saman um búnaðarskólann á Hólum, höfðu haldið fund með sjer, hafi tekið málið til meðferðar, fallizt á sameininguna og lagt það til, að jeg samþykkti, að hluti Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu í hinum núverandi búnaðarskólasjóði norður- og austuramtsins yrði lagður til búnaðarskólans á Hólum, og að hið árlega búnaðarskólagjald úr sýslum þessum gengi eptirleiðis til skólans.

Út af þessu skal yður hjer með tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst hjer með á, að Hólaskólinn verði sameiginleg búnaðarkennslustofnun fyrir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslur, að hluti hinna tveggja síðastnefndu sýslna í búnaðarskólasjóði amtsins verði lagður til skólans, og að búnaðarskólagjaldið úr þeim gangi eptirleiðis til hans. Að því er Norður-Þingeyjarsýslu snertir, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að leggja fyrir sýslunefndina þar, að gefa á næsta fundi sínum yfirlýsingu um, hvort hún kjósi heldur, að sameinast vestursýslunum um búnaðarskólann á Hólum eða Múlasýslunum um Eyðaskólann, og vænti jeg á sínum tíma skýrslu yðar um það efni.

98 Ágrip af brjefi landshöfðingja um sekt fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 23.
 9. sept. 4. des. 1886. — Með brjefi þessu var prentsmiðjueigandi sektaður um 30 krónur fyrir að hafa vanrækt að láta bókasöfnum þeim, sem nefnd eru í 2. gr. laga 4. des. 1886 í tje ókeypis expl. af »Siðbók fyrir undirstúkur Good-Templara«, með því að engin heimild væri til að draga undan frá bókasöfnunum neina bók, jafnvel þó hún væri prentuð »sem manuskript« og eigi ætluð almenningi.

99 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu um skiptingu Vatnsleysustrandarhrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 19. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, þar sem hann eptir ósk hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi og fyrir hönd sýslunefndarinnar fer þess á leit, að Vatnsleysustrandarhreppi verði frá 1. október næstkomandi skipt í 2 hreppsfjelög, og hafið þjer mælt fram með því, að jeg samþykki hreppaskiptingu þessa og skipi fyrir um hana á þann hátt, sem sýslunefndin hefur lagt til.

Fyrir því skal samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir sem hjer segir :

1. Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal skipt í 2 hreppa, þannig, að Njarðvíkursókn í Vatnsleysustrandarhreppi verði hreppsfjelag fyrir sig, og heiti Njarðvíkurhreppur, en hinn annar hluti nefnds hrepps sje sjerstakt hreppsfjelag, og haldi nafninu Vatnsleysustrandarhreppur.
2. Öllum eignum og skuldum hins núverandi Vatnsleysustrandarhrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur hljóti og beri af þeim þrjá hluti, en Njarðvíkurhreppur einn; þó skal skólaeign og skólasjóður hreppsins eigi koma til skipta. Sveitarþyngslum þeim, er verða þegar skiptingin